

28. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 18. mars 2014

Fundurinn er haldinn á Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mætt: Valdimar O. Hermannsson formaður, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Stefán Bogi Sveinsson og Auður Ingólfssdóttir. Vegna ófærðar eru Þórunn Eymundardóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir í símafundi frá Seyðisfirði.

Adolf Guðmundsson boðaði forföll.

Einnig eru mætt Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri og Bergþóra Arnórsdóttir fundarritari.

Valdimar setur fund kl. 15.10 og býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir stjórnar- og framkvæmdaráðs, staðfestar og undirritaðar.
2. Staða fjármála og drög að ársreikningi.
3. Stefnumótun Austurbrúar, yfirferð á stöðu.
4. Húsnæðismál Austurbrúar – Vonarland, staða og næstu skerf.
5. Ársfundur Austurbrúar ses, dagsetning, undirbúningur og áherslur.
6. Skýrsla framkvæmdastjóra um stöðu ýmissa mála.
7. Staða á samningum við ríkið.
8. Önnur mál.
 - Fundur með fagráði 1. apríl.
 - Eftirfylgni mála af fundum.
 - Erindi og bréf.

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs

Fundargerð frá 27. stjórnarfundum, 13. febrúar lögð fram, staðfest og undirrituð. Tvær fundargerðir framkvæmdaráðs frá 27. febrúar, lagðar fram og staðfestar, önnur varðandi stefnumótun skapandi greina og hin um húsnæðismál.

2. Staða fjármála og drög að ársreikningi.

Framkvæmdastjóri og fulltrúi fjármála kynna stöðu á vinnu við ársreikning. KPMG verður tilbúin með bráðabirgða ársreikning fyrir lok þessa mánaðar og verður reikningurinn sendur til stjórnarmanna. Framkvæmdastjóra falið að kanna hjá endurskoðanda hvort eðlilegra væri að skrá styrki sem fara inn og út sem vörslufjármagn frekar en að hafa þá inn í rekstrarreikningi. Stjórn óskar eftir að fá áætlun um sjóðstreymi með rekstrarreikningi, leitað verði ráða hjá endurskoðanda um fjölda milliuppgjóra og uppsetningu þeirra. Fulltrúi fjármála fer af fundi.

3. Stefnumótun Austurbrúar

Karl kynnir vinnu við stefnumótun Austurbrúar 2014-2017. Mikilvægt er að gögn verði sett fram með skýrum hætti og gerð stutt útgáfa sem verður kynningarefni fyrir Austurbrú.

4. Húsnæðismál Austurbrúar

Stefán Bogi kynnir stöðu húsnæðismála á Vonarlandi. Rætt hefur verið við verktaka og unnið er með 3 tilboð í fjármögnun sem ákvörðun verður tekin um á aðalfundi Vísindagarðsins 31. mars. Kynnt eru drög að samningum milli Austurbrúar og Vísindagarðsins, annars vegar leigusamningi á húsnæði og hins vegar samningi um umsjón húsnæðis.

Stefán Bogi fer af fundi kl. 16.20 að lokinni kynningu á stöðu húsnæðismála.

Framkvæmdaráði og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi með fyrirvara stjórnar og leggja endanlegan samning fyrir næsta stjórnarfund.

5. Ársfundur Austurbrúar

Tillaga liggur fyrir um að halda ársfund á Egilsstöðum, dagsetning 9. maí, framkvæmdastjóra falið að vinna að útfærslu fundarins. Umræður um áherslur, boðsgesti og þema fyrir ársfundinn, ákvörðun verður tekin á næsta fundi stjórnar.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fyrir yfir helstu mál þessa mánaðar; Brothættar byggðir, fjármál og eftirfylgni verkefna, stefnumótun, fundi með ferðamálasamtökum,

Icelandair og rannsóknarsetri HÍ, byrjað að taka starfsþróunarviðtöl, sjóðsstreymi ársins 2013 skoðað.

7. Staða á samningum við ríkið

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu vegna samninga við ríkið, búið að gera samninga við Ferðamálastofu en menningarsamningur og vaxtasamningur ófrágengnir.

Valdimar segir frá fundi sem hann var á í Reykjavík um þessi mál, ekki er komin niðurstaða og það tengist verkaskiptingu ráðuneyta.

8. Önnur mál.

- Fundur fagráðs er fyrirhugaður 1. apríl, ráðið fundar einnig með fulltrúum sviða, stjórn og/eða framkvæmdaráði. Rætt um hlutverk fagráðs samkvæmt skipulagsskrá. Lagt til að gert verði erindisbréf fyrir fagráð til að skýra hlutverk þess.
- Eftirfylgni mála af fundum. Samstarfssamningur við SSA verður tilbúinn fyrir næsta stjórnarfund. Vinna þarf að lausnum um merkingarmál á húsnæði.
- Erindi og bréf. Erindi frá starfsmanni Austurbrúar lagt fram. Vísað til framkvæmdastjóra/ formanns stjórnar til úrlausnar.

Fundi slitið kl. 17.25

Valdimar O. Hermannsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Rögnvaldur Ólafsson

Sverrir Mar Albertsson

Þórunn Eymundardóttir

Auður Ingólfisdóttir

